

Gjaldskrá

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

2.gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró	0 - 2000 lítra	kr. 12.000 pr. þró
Rotþró	2001 - 4000 lítra	kr. 14.050 pr. þró
Rotþró	4001 - 6000 lítra	kr. 15.750 pr. þró
Rotþró	6001 lítra og stærri	kr. 4.070 pr. m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða minni. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 24. nóvember 2022, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1572/2021.



Hvammstanga, 24. nóvember 2022.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.